



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). FJR
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	9.2.2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

Ekki eru fyrir séð bein fjárhagsáhrif fyrir ríkið af fyrirhugaðri lagasetningu, að frátöldum mögulegum breytingum á eftirlitsgjaldinu sem eftirlitsskyldir aðilar greiða og stendur undir rekstri Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinber eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.

- Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
Á ekki við.
- Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
Á ekki við.
- Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Á ekki við.
- Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
Á ekki við.
- Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
Á ekki við.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á tekjum ríkissjóðs, en frekari greining kann að leiða í ljós einhverja þörf á breytingum á eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða og stendur undir rekstri Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.

3. Útgjaldabreytingar.

Á ekki við.

4. Eignabreytingar.

Á ekki við.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
Á ekki við.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
Á ekki við.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð.
Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins.
Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum
Í fjárlögum 2026 er ekki gert ráð fyrir breytingum á eftirlitsgjaldi vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Í júní 2026 mun Seðlabankinn skila fjármála- og efnahagsráðuneytinu tillögum um skiptingu, hlutföll og fjárhæðir einstakra liða í eftirlitsgjaldinu sem eftirlitsskyldir aðilar greiða og stendur undir rekstri Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinber eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir fyrirhugaðri lagasetningu í gildandi fjármálaáætlun.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Á ekki við.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Það kann að koma til breytinga á eftirlitsgjaldinu sem eftirlitsskyldir aðilar greiða og stendur undir rekstri Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinber eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald. Þær breytingar myndu þó ekki verða fyrr en í fyrsta lagi með fjárlögum 2027.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Markmið tillagnanna er að gera umbætur á umgjörð um fjárfestingar lífeyrissjóða og gera þeim betur kleift að beita skynsemissreglu við stýringu eigna sjóðfélaga þannig að taka megri með sem bestum hætti tillit til aðstæðna og samsetningar hvers lífeyrissjóðs. Með því móti eru meiri líkur á að eignir lífeyrissjóðs geti staðið undir skuldbindingum hans.

Með breytingunum sem lagðar eru til er fallið frá formsskilyrðum fjárfestinga þannig að fjárfestingar lífeyrissjóða taki betur mið af raunverulegri áhættu undirliggjandi eignar. Þó nokkur kostnaður hefur fallið til hjá lífeyrissjóðum við að uppfylla formsskilyrði núgildandi

laga við fjárfestingar lífeyrissjóða, án þess þó að það hafi áhrif á raunverulega áhættu fjárfestingar. Áformin fela því í sér hagræðingu bæði fyrir lífeyrissjóði og eftirlitsaðila. Ekki er búist við að breytingarnar leiði til umfangsmikilla hreyfinga í eignasöfnum lífeyrissjóða til skamms og meðallangs tíma. Breytingar í samsetningu eignasafna gerast yfir lengri tíma á náttúrulegan hátt.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnáslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Í áformunum felast tillögur að breyttum reglum um rekstur, innra eftirlit og innri endurskoðun lífeyrissjóða. Nái áformin fram að ganga má gera ráð fyrir aukinni reglubyrði í lífeyrissjóðum og fleiri eftirlitsverkefnum hjá Fjármálaeftirlitinu.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur var síðast skipuð í maí 2017. Skipunartími hennar rann út 31. maí 2020. Ekki var því leitað umsagnar nefndarinnar.

3. Samkeppnisskilyrði.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
Á ekki við.
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
Á ekki við.
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
Á ekki við.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ekki eru fyrirséð bein fjárhagsáhrif á sveitarfélög af fyrirhugaðri lagasetningu.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Engin fyrirséð áhrif.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Engin fyrirséð áhrif.

4. Áhrif á byggðalög.

Engin fyrirséð bein áhrif.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Engin fyrirséð áhrif.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur en aldraðir karlar. Bil milli lífeyristekna karla og kvenna er u.þ.b. 5% á Íslandi, sem er það minnsta á öllum Norðurlöndunum og meðal þess minnsta sem þekkist innan OECD.

Þær breytingar sem lagðar eru til í áformaskjalinu eru ekki taldar hafa í för með sér áhrif á jafnrétti kynjanna umfram núgildandi lög.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Engin fyrirséð bein áhrif á lýðheilsu.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Rýmkun heimilda til fjárfestingar lífeyrissjóða í óskráðum eignum er til þess fallin að efla getu þeirra til þátttöku í nýsköpunarverkefnum. Nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hafa yfirleitt ekki aðgengi að fjármögnun á skráðum mörkuðum fyrir en á síðari stigum lífsferils síns.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Engin fyrirséð áhrif.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Áhrif innan stjórnsýslunnar verða einkum á Fjármálaeftirlitið innan Seðlabankans. Eftirlitið er talið í stakk búð til að takast á við áformaðar breytingar.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagsþópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Tillögurnar miða að því að auka líkur á að eignasafn lífeyrissjóða standi undir skuldbindingum þeirra. Mikilvægt er lækka kostnað og fækka hindrunum sem draga úr ávöxtunarmöguleikum sjóðanna svo þeir geti staðið undir fyrirséðri vaxandi öldrunarbyrði. Áformuðum breytingum er ætlað að „stækka kökuna“ en ekki breyta skiptingu hennar m.v. núgildandi lagaumhverfi.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki eru fyrirséð áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Ekki er gert ráð fyrir beinum áhrifum á tekjur eða gjöld ríkissjóðs 2026 en ekki er hægt að útiloka breytingar á tekjum í framtíðinni, sbr. umfjöllun um möguleg áhrif á eftirlitsgjaldið sem stendur undir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Nei.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Áformaðar breytingar miða að því að horfið verði frá formsskilyrðum um eignir til þess að eignastýring lífeyrissjóða geti betur tekið mið af skynsemissreglu og undirliggjandi áhættu hvernar fjárfestingar. Brottfall formkrafa sem ekki hafa áhrif á áhættu lífeyrissjóðs eru til þess fallnar að spara bæði tíma og fjármuni hjá lífeyrissjóðum og eftirlitsaðilum. Rýmri heimildir til fjárfestinga í óskráðum eignum kunna að styðja við fjárfestingu í nýsköpun og á húsnæðismarkaði.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**